

**AUGLÝSING****um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 og að fengnum tillögum bæjarráðs Kópavogs, er hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

## 1. gr.

Biðskylda verði á allar aðliggjandi götur að Hábraut milli Hamraborgar og Kársnesbrautar.

## 2. gr.

Stöðubann verði beggja vegna á aðalgötum Hlíðarhjalla og Álfaheiði.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn í Kópavogi, 20. desember 1989.*

**Ásgeir Pétursson.**

**ARÐSKRÁ****fyrir Veiðifélag Apavatns.**

<b>Jarðir:</b>	<b>Hlutdeild í arði í % einingar</b>
Neðra-Apavatn . . . . .	54,9
Efra-Apavatn 1 . . . . .	33,275
Efra-Apavatn 2 . . . . .	33,275
Vatnsholt . . . . .	32,5
Austurey 1 . . . . .	29,1
Austurey 2 . . . . .	29,1
Hagi 1 . . . . .	19,5
Hagi 2 . . . . .	19,5
Útey 1 . . . . .	12,5
Útey 2 . . . . .	12,5
Lækjarhvammur og Gröf . . . . .	11,1
Mosfell . . . . .	4,75
Þóroddsstaðir . . . . .	4,5
Svínavatn . . . . .	3,0
Þórisstaðir . . . . .	0,5
	<hr/>
	300,0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Jón Höskuldsson.*

## BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1989:

### **Kjósarsýsla:**

*Birkihlíð* á nýbýli í landi Úlfarsár, Mosfellsbæ.

*Víðigrund* á skógræktarbýli í landi Laugabóls, Mosfellsbæ.

*Suðurhlíð* á loðdýrabúi í landi Úlfarsfells, Mosfellsbæ.

### **Árnessýsla:**

*Reykjakot II* á garðyrkjubýli í landi Reykjakots, Ölfusi.

*Austurey III* á nýbýli í landi Austureyjar I, Laugardalshreppi.

*Miðbær* á nýbýli í landi Miðfells II, Hraunamannahreppi.

*Kjarnholt III* á þjónustubýli í landi Kjarnholta I, Biskupstungnahreppi.

*Eyvík II* á nýbýli í landi Eyvíkur, Grímsneshreppi.

### **Dalasýsla:**

*Sælingsdaltunga* á bæ í stað nafnsins Garður, Hvammshreppi.

### **Eyjafjarðarsýsla:**

*Mörðuvellir IV* á smábýli í landi Möðruvalla II, Hörgárdal.

*Mörðuvellir V* á smábýli í landi Möðruvalla II, Hörgárdal.

*Mörðuvellir III* á smábýli í landi Möðruvalla II, Hörgárdal.

*Mörðuvallakot* á loðdýrabúi í stað nafnsins Möðruvellir IV, Möðruvöllum IV, Hörgárdal.